

## AUGLÝSING

um tímabundnar varnaraðgerðir til að fyrirbyggja að fuglaflensa berist í alifugla og aðra fugla í haldi

### 1. gr.

Með vísan til þess að alvarleg afbrigði af fuglaflensuveiru hafa verið staðfest í villtum fuglum og alifuglum í flestum löndum Evrópu á undanförunum mánuðum, hefur ráðherra ákveðið, að fengnum tillögum Matvælastofnunar, að fyrirskipa eftirfarandi ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að hindra útbreiðslu og til að afstýra hættu og tjóni af völdum sjúkdómsins.

### 2. gr.

Öllum þeim sem halda alifugla og aðra fugla, er skylt að fylgja eftirfarandi reglum:

- a) Fuglarnir skulu hafðir inni í yfirbyggðum gerðum eða húsum.
- b) Tryggja skal góðan aðskilnað milli alifugla og villtra fugla. Hús og gerði skulu fuglaheld.
- c) Tryggja skal að ekkert í umhverfi fuglahúsanna laði að villta fugla.
- d) Fóður og drykkjarvatn fuglanna skal ekki vera aðgengilegt villtum fuglum.
- e) Endur og gæsir skulu aðskildar frá hænsum.
- f) Setja skal hatta á allar lóðréttar loftræstitúður og fuglanet fyrir allar loftræstitúður, op og glugga á fuglahúsum.
- g) Öllum óviðkomandi skal bannaður aðgangur að fuglahúsum.
- h) Allir sem sinna fuglunum skulu nota hlífðarfatnað (galla og stígvél), sem eingöngu er notaður þar, og skulu þeir einnig þvo og sótthreinsa hendur fyrir og eftir umhirðu fuglanna.
- i) Áður en fuglar eru fengnir frá öðrum búum skal spyrjast fyrir um hvort heilsufar fugla á búinu hafi verið eðlilegt. Fuglar skulu ekki teknir inn á bú frá búum þar sem sjúkdómsstaða er óþekkt eða eitthvað virðist vera athugasemjaverð við heilsufar.
- j) Mælt er með „allt inn – allt út“ kerfi, þ.e.a.s. að allir fuglar séu fjarlægðir af bú áður en nýir eru teknir inn.
- k) Hús og gerði skulu þrífir vel og sótthreinsuð á milli hópa.
- l) Farga skal dauðum fuglum, undirburði og skít á öruggan hátt.
- m) Tryggja skal góðar smitvarnir við vatnsból.
- n) Sýningarhald og aðrar samkomur með fugla er bannað.

### 3. gr.

Tilkynna skal til Matvælastofnunar um dauða villta fugla, þegar orsök dauða er ekki augljós, svo sem flug á rafmagnslínur, á rúður eða fyrir bíla. Stofnunin tekur sýni og lætur rannsaka þau, ef ástæða er til að mati stofnunarinnar.

### 4. gr.

Matvælastofnun hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna og getur veitt undanþágur frá þeim við sérstakar aðstæður, að því tilskildu að smitvarnir séu nægilega tryggðar með öðrum hætti að mati stofnunarinnar.

5. gr.

Verði eigandi eða umráðamaður alifugla ekki við tilmælum Matvælastofnunar um aðgerðir samkvæmt auglýsingu þessari getur ráðherra með vísan til 21. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, fyrirskipað bótalausá förgun eða eyðingu fuglanna að fengnum tillögum Matvælastofnunar.

Brot gegn auglýsingu þessari varða sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Með mál vegna brota skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísan til 8. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum og tekur gildi **XXX**.